

KIRKJUGARÐARÁÐ

56. fundur haldinn 15. október 2007 í fundarsal Biskupsstofu.

Mætt voru: Ragnhildur Benediktsdóttir skrifstofustjóri og formaður ráðsins, Þórsteinn Ragnarsson forstjóri KGRP, fulltrúi Kirkjugarðasambands Íslands, Smári Sigurðsson fulltrúi Kirkjubings, Valtýr Valtýsson sveitarstjóri, fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga, og Kristín Huld Sigurðardóttir fulltrúi Fornleifaverndar ríkisins sem ritaði fundargerð. Einnig sátu fundinn þeir Guðmundur Rafn Sigurðsson framkvæmdastjóri Kirkjugarðaráðs og Sigurgeir Skúlason verkefnisstjóri Kirkjugarðaráðs.

1. Setning fundar

Formaður setti fund kl. 13:05 og fundagerðir 54. og 55. Fundar voru lagðar fram og samþykktar.

2. Skýrsla Ríkisendurskoðunar um eftirlit með ársreikningum kirkjugarða vegna ársins 2006

Guðmundi Rafni og formanni falið að skrifa kirkjugarðsstjórnnum bréf í desember um athugasemdir og ábendingar Ríkisendurskoðunar varðandi ársreikninga kirkjugarða.

Í skýrslu Ríkisendurskoðunar kemur fram að 43 kirkjugarðar hafa ekki skilað ársreikningi fyrir árið 2006. Ákveðið var að kanna hvaða garðar þetta eru og kanna jafnframt hvort halda megi eftir hinu lögbundna framlagi hjá þeim kirkjugörðum sem ekki skila ársreikningi. Framkvæmdastjóra og formanni falið að skrifa dóms- og kirkjumálaráðuneyti bréf og óska eftir upplýsingum um málið.

3. Framkvæmdir við kirkjugarðinn í Brautarholti á Kjalarnesi

Guðmundur Rafn kynnti tillögu að lagfæringum á kirkjugarðinum sem hann hafði látið vinna og búið var að samþykkja af öllum hagsmunaaðilum í Brautarholti.

4. Ársreikningur Kirkjugarðasjóðs 2006 - áritun

Unnur Guðlaugsdóttir kom inn á fundinn og kynnti ársreikninginn. Þurfti að leiðrétta að tekjur Kirkjugarðasjóðs eru 8,5% af kirkjugarðsgjöldum, en ekki 8% (bls. 8 og 9). Ráðið mun ákvarða við næstu úthlutun reglur um niðurfellingu ónýttra styrkja. Ársreikningur var lagður fram, samþykktur og undirritaður.

5. Bréf forsætisráðherra vegna líkhúsgjalds

Þórsteinn Ragnarsson kynnti.

6. Ósk um tímabundinn flutning starfsstöðvar Guðmundar R. Sigurðssonar

Ráðið samþykkti að starfsstöð Guðmundar Rafns yrði í San Francisco frá 10. janúar 2008 til 10. júlí 2008. Flutningur starfsstöðvar á ekki að hafa í för með sér neinn aukakostnað fyrir Kirkjugarðaráð. Samþykkt var að á tímabilinu myndi Guðmundur Rafn vinna að tillögu að handbók fyrir kirkjugarðana. Á þessu tímabili er einnig samþykkt að hann taki út ótekið sumarfrí sitt vegna árána 2006 – 2008.

7. Önnur mál

Smári sagði frá ferð þeirra Þórsteins til Noregs og Danmerkur. Framkvæmdastjóri óskaði eftir að hann sýndi myndir úr ferðinni á næsta fundi.

Fundi slitið kl. 15:05.

Ragnhildur Benediktsdóttir,
formaður

Kristín Huld Sigurðardóttir,
ritari